

# Skólaráð Naustaskóla

Fundargerð 25. maí 2022

## Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Anna Lilja

Fulltrúar starfsmanna: Inga Vala Magnúsdóttir og Silvía B. Kristjánsdóttir

## Dagskrá og afgreiðslur:

### 1. Niðurstöður skólapúlsins skólaárið 2021 – 2022

Farið yfir skólapúlsinn heildarmat og rýnt í niðurstöður sem almennt komu vel út.

### 2. Mannaráðningar næsta skólaár

Skipan starfsmannateyma – ráðningar er enn í vinnslu en búið að ráða íþróttakennara Daniela G. Hansen var ráðin.

### 3. Námsgögn

Búið er að panta námsgögn fyrir næsta skólaár. Mikil afföll eru á ritföngum og heyrnatólum eftir veturinn. Lagt verður til að nemendur komi með sín heyrnatól næsta vetur.

### 4. Innra mat

Unnið hefur verið markvisst að innra mati í vetur og í vor verður unnin skýrsla sem verður síðan nýtt næsta skólaár.

### 5. Þrif

Þrif verða aðkeypt næsta vetur og færri skólaliðar í vinnu við skólann en áður.

### 6. Teymisvinna

Næsta vetur verður lögð áhersla á að efla teymisvinnuna en teymin standa misvel, bæði vegna endurnýjunar í teyminum, nýtt fólk kemur til starfa og fleira sem hefur áhrif. Naustaskóli er teymisskóli og mikilvægt að styðja vel við það starf.